

## 19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1. Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats ef það gengur honum ekki í vil. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

## 20. gr.

**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Brjánslækjar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar samkvæmt 39. gr. hafnalaga.

20.2. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 15. apríl 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Sigurður Skúli Bergsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa  
nr. 27/1983.**

## 1. gr.

Eftirfarandi liðir 1. greinar hljóði svo:

**„Reykjavíkurbær:**

1. Gamli miðbærinn og hluti vesturbæjar:

3 lyfjabúðir.

4. Háaleitishverfi og nýi miðbærinn:

3 lyfjabúðir.“

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. apríl 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingolf J. Petersen.*